

FLÉTTAN

Samstarf mennta- og velferðarsviðs

Stöðuskýrsla

Nóvember 2021



Kópavogsbær

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Yfirlit	
Inngangur	3
Verkefnahópar	4
Framhald Fléttunnar	4
Skilgreining, meginmarkmið og staða verkefna.....	5
Frístund 1.-4.bekkur og félagsmiðstöðvar 5.-10.bekkur	5
Tómstundir og íþróttastarf.....	6
Leik- og grunnskólar	7
Sumarnámskeið	10
Önnur samstarfsverkefni.....	11

INNGANGUR

Sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs skipuðu stýrihóp í mars 2018 til að vinna að auknu samstarfi sviðanna. Sviðsstjórar töldu mikilvægt að auka samstarfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við notendur, upplýsingaflæði á milli sviða og gera verkefnin skilvirkari þannig að sviðin veiti heildstæðari þjónustu.

Sviðsstjórar skipuðu eftirfarandi starfsmenn í stýrihóp; Önnu Eygló Karlsdóttur, deildarstjóra barnaverndar, Guðlaugu Ósk Gísladóttur, deildarstjóra þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra, Sigurlaugu Bjarnadóttur, deildarstjóra leikskóladeildar, Ragnheiði Hermannsdóttur, deildarstjóra grunnskóladeildar, Ingunni Mjöll Birgisdóttur, verkefnastjóra á menntasviði og Sigríði Sigurjónsdóttur, verkefnastjóra á velferðarsviði. Frá vori 2019 að hausti 2020 leysti Jóhanna Lilja Ólafsdóttir Sigríði af sem verkefnastjóri velferðarsviðs.


Markmiðin sem stýrihópurinn setti sér í upphafi voru að auka samvinnu á milli sviðanna og veita heildstæðari og betri þjónustu til íbúa. Efla stuðning við starfsfólk stofnana meðal annars með bættu verklagi og skýrari verkaskiptingu á milli sviða. Stýrihópurinn kortlagði núverandi samstarfsverkefni sviðanna og mögulega samstarfsaðila. Hópurinn kallaði einnig eftir ítarlegum upplýsingum frá samstarfsaðilum með sérþekkingu í einstökum verkefnum.

Haustið 2021 var samstarfi mennta- og velferðarsviðs gefið nafnið FLÉTTAN og í stýrihópinn bættust Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu á velferðarsviði og Amanda K. Ólafsdóttir, deildarstjóri frístunda- og forvarnadeildar.

VERKEFNAHÓPAR

Stýrihópurinn skilgreindi 26 samstarfsverkefni og í upphafi árs 2019 voru skipaðir vinnuhópar fyrir verkefni Fléttunnar. Þeir tóku til starfa um vorið og haustið 2019. Í hverjum hópi sátu á bilinu tveir til sex sérfræðingar í viðkomandi málaflokkum en í flestum hópum voru þrír sérfræðingar. Tekin var ákvörðun um að sameina hópa og fækka verkefnum í 17.

Í síðari hluta þessarar stöðuskýrslu má sjá skilgreiningar og meginmarkmið hvers verkefnis sem og stöðu þess. Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig hóparnir tengjast allir mismunandi málaflokkum.



FRAMHALD FLÉTTUNNAR

Verkefni sviðanna fléttast saman með velferð íbúa bæjarins að leiðarljósi og til framtíðar er nauðsynlegt að skapa samstarfinu örugga umgjörð þannig að það verði áfram skilvirkt og árangursríkt. Stýrihópurinn leggur til að undir Fléttuna falli öll þau verkefni sem snúa að samstarfi sviðanna þegar kemur að börnum og barnafjölskyldum. Í upphafi samstarfsins voru tveir hópar starfandi að verkefnum sem snertu málefni aldraðra. Þegar þessir hópar luku störfum var tekin ákvörðun um að þau verkefni sem tilheyra málefnum aldraðra falli ekki undir Fléttuna. Fléttan samanstendur af verkefnum sem eru annars vegar viðvarandi og hins vegar verkefnum með skýrt upphaf og endi. Afrakstur vinnuhópa í verkefnum Fléttunnar eru m.a. vinnulýsingar um samstarf í mismunandi málaflokkum og í sumum tilvikum tillögur að breyttum vinnubrögðum (sjá vinnulýsingar í viðhengi skýrslunnar). Í skjalavistunarkerfi bæjarins er mál sem nefnist

Fléttan og er nr. 20081068 og eru þar undir tenglar á öll mál sem stofnuð hafa verið um einstök verkefni. Þar má nálgast upplýsingar um þau verkefni sem unnið er að ásamt sögu samstarfsins.

Tillögur að áframhaldandi þróun Fléttunnar:

- a) Stýrihópurinn heldur utan um Fléttuna. Hópurinn mun funda reglulega og fara yfir stöðu hvers verkefnis og metur hvort tillögur að nýjum verkefnum eigi heima undir Fléttunni. Ábyrgðamenn verkefna gera grein fyrir stöðu þeirra á stýrihópsfundum.
- b) Kynning á Fléttunni fyrir starfsfólki Til þess að nýjar eða breyttar vinnulýsingar og verkferlar skili tilætluðum árangri er mikilvægt að starfsfólk fái fræðslu og aðgengi að þeim.
- c) Vinnulýsingar og verkferlar Fléttunnar verða aðgengilegar í stjórnunarkerfi gæða (CCQ). Allar nýjar eða breyttar vinnulýsingar Fléttunnar verða á því formi sem vinnulýsingar eru almennt í stjórnunarkerfi gæða.

SKILGREINING, MEGINMARKMIÐ OG STAÐA VERKEFNA

Frístund 1.-4.bekkur og félagsmiðstöðvar 5.-10.bekkur

Meginmarkmið:

Að frístundir skólanna geti mætt börnum með fjölbreyttar þarfir. Að börn með sértækar þarfir fái stuðning til að nýta sér frístund með jafnöldrum sínum. Að börn innflytjenda nýti sér í auknu mæli frístundir skólanna. Að félagsmiðstöðvarnar geti boðið börnum með sértækar þarfir og ungmennum upp á félagslega afþreyingu. Að sérstaklega verði tekið tillit til innflytjenda þegar starfsemin er skipulögð með það að markmiði að ná þeim inn í starfið.

Verkefni 1: Þróun þjónustu frístundar og félagsmiðstöðva

Markmið: Að öll börn þar með talið börn með sértækar þarfir og börn með annað móðurmál en íslensku geti tekið þátt í frístund og félagsmiðstöðvum grunnskólanna.

Samstarfsflötur:

- a) Að kortlagt verði hvernig koma eigi til móts við börn með sértækar þarfir.
- b) Að meta hvaða stuðning þarf til að börn með sértækar þarfir geti nýtt sér starf félagsmiðstöðva.
- c) Að leitað verði leiða til að öll börn hafi tækifæri óháð fjárhag til að geta dvalið í frístund.
- d) Að horft verði sérstaklega til nemenda með annað móðurmál en íslensku sem nýflutt eru til landsins bæði hvað varðar frístund sem og félagsmiðstöðvar.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar, deildarstjóri frístundadeildar, deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra og deildarstjóri ráðgjafa og íbúðadeildar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn skilaði sínum tillögum í júní 2020. Stýrihópur hefur farið yfir tillögurnar og mun óska þess að hópurinn fari aftur í gegnum markmið hópsins og skili fleiri tillögum á vorönn 2022.

Tómstundir og íþróttastarf

Meginmarkmið:

Að tómstunda- og íþróttastarf geti mætt fjölbreyttum þörfum barna. Sérstök áhersla verði á að börn með sértækar þarfir og börn af erlendum uppruna hafi greiðan aðgang og fái hvatningu til að sækja tómstundir og íþróttir til jafns við jafnaldra sína.

Verkefni 2: Hvatning til þátttöku í íþróttum og tómstundum

Markmið: Að tryggja með markvissum hætti að öll börn og unglingar séu hvött til þátttöku í íþróttum og tómstundum, óháð bakgrunni, uppruna, félagslegum eða efnahagslegum aðstæðum.

Samstarfsflötur: Eftirfylgd með verkefninu og leiðir til að viðhalda því.

Ábyrgð: Stýrihópur skipaður starfsmönnum á mennta- og velferðarsviði.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur mótað vinnulýsingu verkefnis. Kynna þarf verkefnið betur til að auka þekkingu allra á því.

Verkefni 3: Þátttaka barna með sértækar þarfir í íþróttum

Markmið: Að leita leiða til að auka þátttöku barna í íþróttum.

Samstarfsflötur:

- a) Að vinna þarfagreiningu.
- b) Að auka fræðslu til starfsfólks íþróttafélaga.

Ábyrgð: Deildarstjóri íþróttadeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn skilaði tillögum til íþróttadeildar og sviðsstjóra sviðanna til úrvinnslu.

Verkefni 4: Nýting á frístundastyrk barna

Markmið: Að finna fjölbreyttar leiðir í nýtingu frístundastyrks til að auka þátttöku barna í skipulögðu íþrótta- og tómstundarstarfi.

Samstarfsflötur:

- a) Að kortlögð verði nýting á frístundastyrk.
- b) Að athugaðar verði nýjar leiðir til að fá foreldra til að nýta styrkinn.

Ábyrgð: Deildarstjóri íþróttadeildar og verkefnastjóri á menntasviði.

Staða verkefnis: Búið er að skipa í verkefnahópinn en hann er ekki farinn af stað. Beðið er eftir betra aðgengi að tölulegum upplýsingum sem hægt er að nýta til frekari greiningar á notkun styrkja. Deildarstjóri grunnskóladeildar ber ábyrgð á að boða hópinn á fund þegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir.

Leik- og grunnskólar

Meginmarkmið:

Að leik- og grunnskólar geti mætt enn betur fjölbreyttum þörfum barna. Sérstök áhersla verði á að börn með sértækar þarfir og börn af erlendum uppruna fái stuðning við hæfi.

Verkefni 5: Þjónustuteymi fyrir börn með sértækar þarfir

Markmið: Að styðja betur við börn og fjölskyldur þeirra til að börnin nái árangri í námi og félagsstarfi.

Samstarfsflötur:

- Að formgera verklagsreglur og skoða aðkomu velferðarsviðs að þjónustuteymunum.
- Að tengiliður þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra sitji foreldraráðsfundi leikskólanna þegar við á.

Ábyrgð: Deildarstjórar leik- og grunnskóladeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

Staða verkefnis: Fyrsti fundur verkefnahópsins var haldinn í júní 2020. Hópurinn mun móta vinnulýsingu um þjónustuteymi annars vegar í leikskólum og hins vegar grunnskólum. Í vinnulýsingunni verður tilgreind ábyrgðarskipting innan teymanna. Haustið 2021 var ákveðið að innleiða og próa einstaklingsmiðaðar þjónustuáætlanir.

Verkefni 6: Kvíðanámskeið (Klókir litlir krakkar- kvíðanámskeið fyrir foreldra 3-6 ára barna, Klókir krakkar- kvíðanámskeið fyrir 8-12 ára börn og foreldra þeirra og Haltu kúlinu- kvíðanámskeið fyrir börn á aldrinum 13-18 ára og foreldrar þeirra).

Markmið: Að fræða börn, ungmenni og foreldra um eðli kvíða og kenna aðferðir til að takast á við kvíða.

Samstarfsflötur: Að skipuleggja og halda utan um námskeiðin. Sálfræðingar á menntasviði vísa börnum sem eiga við kvíðavanda á námskeiðin í samstarfi við sálfræðinga á velferðarsviði.

Ábyrgð: Sálfræðingar á menntasviðið og á velferðarsviði.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur uppfært texta um kvíðanámskeiðin á heimasíðu bæjarins og umsóknir um námskeiðin eru þar aðgengilegar foreldrum.

Verkefni 7: Innleiðing PMTO-uppeldisráðgjöf

Markmið: Að efla PMTO í sveitarfélaginu.

Samstarfsflötur:

- Að skipuleggja innleiðingu og uppbyggingu verkefnisins.
- Að halda PMTO námskeið fyrir foreldra.
- Að skólar hafi menntaða grunnmenntunaraðila í PMTO.
- Að eiga samstarf um handleiðslu grunnmenntunaraðila.

Ábyrgð Forstöðumaður Áttunnar og deildarstjórar leik- og grunnskóladeildar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur uppfært texta um námskeiðin á heimasíðu bæjarins og unnið að innleiðingu PMTO hjá Kópavogsbæ bæði með því að bjóða upp á námskeið sem og einkaviðtöl í gegnum Áttuna. Hópurinn mun setja niður vinnulýsingu um utanumhald og framkvæmd námskeiðanna ásamt tillögum að framtíðarsýn PMTO í Kópavogi í samstarfi við deildarstjóra leik- og grunnskóladeildar og Barnaverndar.

Verkefni 8: Samstarf leikskóla og barnaverndar

Markmið: Að móta verklag varðandi samvinnu barnaverndar og leikskólanna til að auka traust, efla samvinnu og fjölga tilkynningum frá leikskólunum og efla þannig snemmtæka íhlutun í málefnum barna.

Samstarfsflötur:

- Að búa til verklagsreglur á grundvelli niðurstaðna tilraunaverkefnis um samvinnu barnaverndar og leikskóla.
- Að auka fræðslu til leikskólanna um starf barnaverndar.
- Að félagsráðgjafar í meðferðarteymi yngri barna hjá barnavernd séu tengiliðir við leikskólana.
- Að tengiliðir veiti ráðgjöf í einstaklingsmálum og leiðbeini með tilkynningar.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri leikskóladeildar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur farið yfir niðurstöður tilraunaverkefnis þriggja leikskóla og barnaverndar. Byggt á reynslu tilraunaverkefnisins og niðurstöðum könnunar voru lagðar fram tillögur að vinnulýsingu. Stýrihópur ákvað að fresta því að vinna úr tillögum vinnuhóps og hefur verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu verið falið að vinna úr tillögunum. Búið er að móta kynningarefni sem verkefnastjóri er byrjaður að fara með í leikskólana. Um er að ræða fræðslu um þann snemmtæka stuðning sem velferðarsvið getur boðið börnum og fjölskyldum þeirra uppá með það að markmiði að aðstoða fjölskyldur þannig að minni líkur séu á þörf fyrir íþyngjandi inngrip síðar. Einnig er farið í gegnum tilkynningarskylduna og starfsemi Barnaverndar ásamt því að gefið er rými til spurninga og umræðna.

Verkefni 9: Viðmið vegna skólasóknar

Markmið: Að bæta skólasókn nemenda og bregðast fyrr við ef um vanda er að ræða.

Samstarfsflötur:

- Að fylgja viðmiðum um skólasókn nemenda.
- Að halda tölfræði um skólasóknarviðmiðin til að kanna umfang vandans og þróa inngrip.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar, skólastjórar og deildarstjóri barnaverndar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur endurskoðað viðmið og birt þau á heimasíðu bæjarins á ensku, pólsku og íslensku. Viðmið hafa verið kynnt skólunum og verið er að innleiða verklag innan skólanna til að styðja þá í að fara eftir viðmiðum og ná þannig góðri skráningu og yfirsýn yfir umfang vandans. Einnig er verið að taka í notkun rafrænar tilkynningar til menntasviðs í gegnum Oneportal. Í OneSystems. Skólarnir hafa kynnt viðmið fyrir foreldrum og nemendum. Jafnframt hefur fagfólki skóla verið boðið námskeið um skólasóknarvanda og leiðir til að takast á við vandann á vorönn 2021. Aðstæður í samfélaginu vegna Covid hafa haft áhrif á innleiðingu verkefnisins og tafið það. Áætlað er að á skólaárinu 2021 - 2022 verði verklag við skráningu vandans að fullu komið á í skólunum. Óskað er eftir að hópurinn haldi áfram vinnu til að greina betur vandann og þróa úrræði til að takast á við hann. Einnig þarf að leggja fram tillögur til að styrkja skóla í forvörnum og snemmtækri íhlutun.

Verkefni 10: Tengiliðir barnaverndar við grunnskóla

Markmið: Að auka samstarf barnaverndar og grunnskóla og efla snemmtæka íhlutun í málefnum barna.

Samstarfsflötur:

- a) Að tengiliður vinni með fagfólki í grunnskólunum.
- b) Að tengiliður sitji nemendaverndarráðsfundi að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn.
- c) Að tengiliður fari á leikritið Krakkarnir í hverfinu.
- d) Að tengiliður veiti ráðgjöf símleiðis og haldi kynningu á starfi barnaverndar þegar þess er óskað.

Ábyrgð Deildarstjóri barnaverndar og skólastjórar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur mótað tillögur að vinnulýsingum annars vegar um setu tengiliða Barnaverndar í nemendaverndarráði og hins vegar framkvæmd leiksýningarinnar krakkarnir í hverfinu. Hópurinn mun semja vinnulýsingu um tengiliði barnaverndar við grunnskóla þar sem tilgreint er hvernig samskiptum skal háttað.

Verkefni 11: Samráð og samstarf vegna aðstoðar fyrir nemendur með sértækar þarfir úr 10. bekk yfir í framhaldsskóla

Markmið: Að stuðla að markvissari upplýsingagjöf um framhaldsskólana til að foreldrar og nemendur þekki umsóknarferlið, námsleiðir og þá þjónustu sem framhaldsskólar bjóða upp á.

Samstarfsflötur:

- a) Að útbúa bækling fyrir nemendur.
- b) Að ráðgjafi þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra myndi þjónustuteymi sem í sitja foreldrar viðkomandi barns og starfsmenn grunnskóladeildar.

Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra og deildarstjóri grunnskóladeildar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur mótað tillögu að vinnulýsingu um tilfærslu nemenda úr 10. bekk yfir í framhaldsskóla. Þegar er byrjað að vinna eftir vinnulýsingu.

Verkefni 12. Gerð leiðbeinandi reglna um upplýsingagjöf

Markmið: Að starfsmenn stofnana hafi aðgang að samræmdu verklagi um aðgangsheimildir foreldra að upplýsingum er varða börn þeirra.

Samstarfsflötur:

- a) Að stofna samstarfshóp menntasviðs, velferðasviðs og lögfræðideildar.
- b) Að safna saman upplýsingum úr leik- og grunnskólum um helstu álitæfnin.
- c) Að gera verklag um aðgangsheimildir foreldra.

Ábyrgð: Deildarstjórar leik- og grunnskóladeildar og deildarstjóri barnaverndar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn er að móta vinnulýsingu sem tilgreinir hvernig verklag er varðandi aðgangsheimildir að persónugreinanlegum gögnum.

Verkefni 13: Samvinna vegna grunnskólabarna sem fara í vistun utan heimilis

Markmið: Að tryggja börnum sem fara í vistun utan heimilis sérstuðning í þeim grunnskólum sem þau sækja.

Samstarfsflötur:

- a) Að félagsráðgjafi barnaverndar sendi umsókn um grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags til menntasviðs.

- b) Að sérfræðingur menntasviðs staðfesti móttöku og óski eftir fundi í skólanum sem sótt er um í.
- c) Að starfsmenn beggja sviða sæki fundinn og tryggi að gerð sé áætlun um upphaf skólavistar og stuðning fyrir barnið.
- d) Að myndað verði einstaklingsteymi fyrir barnið.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri grunnskóladeildar.

Staða verkefnis: Verkefnahópurinn hefur mótað tillögu að vinnulýsingu um samstarf sviðanna vegna grunnskólabarna sem fara í vistun utan heimilis. Búið er að vinna eftir verklaginu í nokkra mánuði og hefur hópurinn endurskoðað vinnulýsinguna.

Verkefni 14: Samstarf menntasviðs, barnaverndar, heilsugæslu og BUGL

Markmið: Að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra með markvissu samstarfi stofnana sem koma að þeim.

Samstarfsflötur:

- a) Að starfsmenn stofnana fundi með samstarfsaðilum um einstaklingsmál barna.
- b) Að starfsmenn leggi í sameiningu fram áætlun um næstu skref sem unnið verður að til að bæta aðstæður barna.

Ábyrgð: Sálfræðingar barnaverndar og sérfræðiþjónustufulltrúi menntasviðs.

Staða verkefnis: Til viðbótar við fulltrúa grunnskóladeildar og barnaverndar hefur verið skipaður fulltrúi frá þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra í samstarfshópinn. Þessir þrír fulltrúar mæta saman á fundi með heilsugæslustöðvum bæjarins og BUGL.

SUMARNÁMSKEIÐ

Meginmarkmið:

Að börn með sértækar þarfir hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og fái stuðning til að nýta sér almenn námskeið. Að ungmenni með sértækar þarfir fái vinnu yfir sumartímann. Huga þarf sérstaklega að þátttöku barna af erlendum uppruna á sumarnámskeiðunum.

Verkefni 15: Sumarnámskeið og atvinna fatlaðra

Markmið: Að öll börn hafi jafnan aðgang að sumarnámskeiðum. Að ungmennum með sértækar þarfir standi til boða vinna og virkni.

Samstarfsflötur:

- a) Að uppfæra heimasíðu sumarnámskeiða til að auðvelda foreldrum að sækja um stuðning fyrir barnið sitt.
- b) Að draga saman helstu upplýsingar í kynningarbækling (sjá verkefnið: Bætt aðgengi að upplýsingum)
- c) Að gera verklag um ferli og afgreiðslu umsókna fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda.

Ábyrgð: Deildarstjóri frístundadeildar og deildastjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

Staða verkefnis: Nafni verkefnisins var breytt úr „kynning á sumarnámskeiðum og atvinnu“ í „sumarnámskeið og atvinna fatlaðra“ í samræmi við vinnu hópsins. Vinna hópsins heldur áfram og verklagi breytt miðað við reynsluna.

Önnur samstarfsverkefni

Verkefni 16: Bæklingur fyrir erlenda foreldra

Markmið: Að útbúa bækling um skipulag skólastarfs og frístunda í Kópavogi, réttindi og skyldur.

Samstarfsflötur:

- a) Að sviðin vinni saman að gerð bæklinga. Bæklingurinn verður aðgengilegur á heimasíðum bæjarins og grunnskólanna.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar og deildarstjóri frístundadeildar.

Staða verkefnis: Búið er að semja tvo bæklinga og texta á heimasíðu bæjarins fyrir foreldra sem eiga börn annarsvegar í leikskólum og hins vegar grunnskólum. Bæklingarnir hafa einnig verið þýddir á pólsku og ensku en einnig er hægt að nota þýðingarhnapp á heimasíðu bæjarins.

Verkefni 17: Eftirfylgni verkferla um ofbeldi

Markmið: Að starfsmenn stofnana hafi aðgang að samræmdu verklagi ef upp kemur grunur um ofbeldi eða vanrækslu.

Samstarfsflötur:

- a) Að starfsmenn sviðanna vinni að endurskoðun ferlanna á tveggja ára fresti.
- b) Að starfsmenn sjái um að upplýsa og kynna ferlana í stofnunum menntasviðs.

Ábyrgð: Deildarstjórar á menntasviði og deildarstjóri barnaverndar.

Staða verkefnis: Deildarstjórar barnaverndar og grunnskóladeildar halda utan um þessa ferla. Mikil endurskoðun fór fram í vinnuhópnum á ferlunum en einnig í tengslum við athugasemdir Unicef um uppsetningu þeirra og aðgengi að þeim. Verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu hefur útbúið bækling með einfaldaðri útgáfu verklagsins og eru kynningar hafnar á því fyrir hlutaðeigandi stjórnendur.